



SGS

Starfsgreinasamband Íslands

Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands um kaupogkjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum

Gildistími: 1. febrúar 2024 - 1. febrúar 2028



Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landsamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 44.000 félagsmenn.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins erað sameina verkalyðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalyðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

Fylgstu með breytingum á launakjörum og nýjustu fréttum á www.sgs.is

Mynd: Guðrún Hulda Pálsdóttir - Bændablaðið

Prentun: Litróf

Umbrot og hönnun: Bongo Design

Kjarasamningur

Starfsgreinasambands Íslands

og

Bændasamtaka Íslands

*um kaup og kjör starfsmanna sem vinna
almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum*

Gildistími: 1. febrúar 2024 - 1. febrúar 2028

Heildarútgáfa samningsins byggir á kjarasamningi
SGS og SA undirrituðum 7. mars 2024.

Samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum skv. 1. gr. samningsins.

1. gr. Samningssvið

Ákvæði aðalkjarasamninga Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaðir voru þann 7. mars 2024 gilda um réttindi og skyldur atvinnurekanda og starfsmanna að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum. Þar með talið almennar launabreytingar.

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbylum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Auk þess falla ráðskonur/matráðar á bændabýlum undir samninginn. Samningurinn nær ekki til þeirra starfsmanna sem starfa við ferðaþjónustu eða aðra starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu. v, sem starfa við ferðaþjónustu í smærri stíl, geta þó fallið undir gildissvið samningsins enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambands Íslands vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem undirritaðir voru þann 7. mars 2024 skulu gilda fyrir ferðaþjónustubændur.

2. gr. Launakjör

Laun skulu miðast við 10. launaflokk í launatöflu Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í kjarasamningi sem undirritaður var þann 7. mars 2024 sbr. fylgiskjal 1.

Hækkun vegna náms/námskeiðs sem nýttist í starfi getur orðið allt að tveimur launaflokkum.

Starfsmaður sem lokið hefur námi að lágmarki 40 klst./60 kest. (5 einingar) og viðurkennt er af samningsaðilum getur hækkað um einn launaflokk.

Starfsmaður sem lokið hefur námi að lágmarki 80 klst./120 kest. (10 einingar) og viðurkennt er af samningsaðilum getur hækkað um tvo launaflokka.

Þá skulu starfsmenn sem lokið hafa viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi (a.m.k. 70 einingar) í búfræði, fiskeldi eða tamningum raðast í launaflokk 17.

Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein. Við röðun í launatöflu skal starfsaldur í greininni jafnframt metinn til hækkunar í launatöflu.

Almenn hækkun á mánaðarlaunum fyrir fullt starf í dagvinnu, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja með kjarasamningi þessum:

- 1. febrúar 2024: 3,25% þó að lágmarki 23.750 kr. á mánuði
- 1. janúar 2025: 3,50% þó að lágmarki 23.750 kr. á mánuði
- 1. janúar 2026: 3,50% þó að lágmarki 23.750 kr. á mánuði
- 1. janúar 2027: 3,50% þó að lágmarki 23.750 kr. á mánuði

Virkur vinnutími í dagvinnu á viku skal vera 37 klst. og 5 mín. og skal vinnutíma hagað sem hér segir:

- kl. 07:55 - 17:00 mánudaga til föstudaga.
- kl. 07:30 - 16:35 mánudaga til föstudaga.

Samningsbundin yfirvinna hefst þegar lokið er umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum á ofangreindu tímabili. Fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundnum frídögum greiðist yfirvinnukaup. Vinna umfram 173,33 dagvinnustundir á mánuði skal greidd með yfirvinnukaupi. Sé unnið á dögum sem skilgreindir eru sem stórhátíðardagar í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins skal greiða starfsmönnum stórhátíðarkaup.

Heimilt er að haga dagvinnutíma með öðrum hætti, sbr. 5. kafla um fyrirtækjapátt kjarasamninga í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins ef atvinnurekandi og starfsmenn koma sér saman um það. Þó skal dagvinna hvers starfsmanns unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum og aldrei hefjast fyrr en kl. 07:00.

Í sértökum tilvikum er heimilt að semja um rofinn vinnutíma ef skipulag búreksturs krefst slíks, sbr. 2. mgr. 11. gr. Sé það gert skal dagvinna ekki hefjast fyrr en kl. 07:00 og eigi standa lengur en til kl. 19:00. Dagvinna getur þó ekki staðið lengur en 7 klst. og 25 mín. (virkar vinnustundir) á þessu tímabili.

Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema að undangenginni uppsögn eða með samkomulagi.

Í kjarasamningi þessum miðast byrjunarlaun við að starfsmaður hafi náð 18 ára aldri og öðlast hæfni til að sinna viðkomandi starfi. Þjálfunartími miðast að hámarki við 300 klst. hjá atvinnurekenda eða 500 klst. í starfsgrein eftir að 16 ára aldri er náð.

Aldursþrep ungmenna undir 18 ára miðast við fæðingarár.

Grunnlaun unglunga skulu vera sem hér segir:

1. feb. 2024 - 31. des 2024		
18 ára	418.975	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	392.513	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	370.462	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	313.128	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	273.436	eða 62% af byrjunarlaunum

1. jan. 2025 - 31. des 2025

18 ára	442.334	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	414.397	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	391.116	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	330.586	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	288.681	eða 62% af byrjunarlaunum

1. jan. 2026 - 31. jan 2026

18 ára	465.693	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	436.281	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	411.771	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	348.044	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	303.926	eða 62% af byrjunarlaunum

1. jan. 2027 - 31. jan 2028

18 ára	489.052	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	458.165	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	432.425	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	365.502	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	319.171	eða 62% af byrjunarlaunum

3. gr. Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 kr. 106.000

Á árinu 2025 kr. 110.000

Á árinu 2026 kr. 114.000

Á árinu 2027 kr. 118.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000

Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember- og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði sem gerir:

	Desemberuppbót á dagvinnustund	Orlofsuppbót á dagvinnustund	Samtals
2024	58,89	32,22	91,11
2025	61,11	33,33	94,44
2026	63,33	34,44	97,78
2027	65,56	35,56	101,11

Við starfslok skal gera upp áunna desember- og orlofsuppbót starfsmanns.

Um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta vísar að öðru leyti til kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

4. gr. Orlof

Um orlof vísast til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var þann 7. mars 2024.

5. gr. Bústjóri/Staðgengilsstörf

Sé starfsmanni falin ábyrgð á búrekstri skal samið við hann sérstaklega um kaup og kjör.

Leysi starfsmaður yfirmann af tímabundið skal samið um þóknun fyrir aukna ábyrgð. Hér er t.d. átt við afleysingar, s.s. vegna sumarleyfa eða veikinda yfirmanna.

6. gr. Vinna unglinga á vinnuvélum og tækjum

Atvinnurekandi ábyrgist að fela unglingi einungis störf sem hann hefur aldur, færni og réttindi til að leysa af hendi. Hann skal gera unglingnum ljósa grein fyrir slysa- og sjúkdómahættu sem kann að fylgja starfinu og sjá um að starfsmaður fái nauðsynlega leiðsögn og þjálfun í að vinna störf sín á þann hátt að honum starfi ekki hætta af.

Unglingar skulu hafa sótt námskeið í meðferð og stjórnun þeirra vinnuvéla sem þeim er falið að vinna á. Um vinnu barna og unglinga gildir reglugerð nr. 426/1999.

7. gr. Frídagar

Starfsmaður á rétt á 8 frídögum á mánuði, þar af a.m.k. tvívegis um helgi. Að öðru leyti vísast í lög og reglur um vinnu og hvíldartíma starfsmanna.

8. gr. Fæði og húsnæði

Að jafnaði skulu starfsmenn búa í eins manns herbergjum. Herbergi skulu vera nægilega rúmgóð og læsanleg með góðri loftræstingu og vel upphituum. Í hverju herbergi skal, auk almenns búnaðar, vera lesljós yfir svefnstæði og myrkvunargluggatjöld. Hver starfsmaður skal hafa læsta geymslu fyrir föt og aðra persónulega muni, aðgang að bað- og hreinlætisaðstöðu, hlífðarfatageymslu og aðstöðu til þurrkunar á vinnufatnaði. Húsnæði skal hafa hlotið samþykki byggingarnefndar sem íbúðarhúsnæði.

Húsnæði skal vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast og starfa hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af, sbr. og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og rgl. nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Hafi starfsmaður fæði, húsnæði og þjónustu á viðkomandi búi, skal samið um endurgjald í ráðningarsamningi og dregst sá kostnaður frá útborguðum launum. Sömu reglur gilda ef starfsmaður/ráðskona er með barn/börn á sínum vegum á viðkomandi búi, 12 ára og yngri.

Hámarksendurgjald fyrir þessa þjónustu skal koma fram í útgefnum kaupþóxtum á hverjum tíma, sjá fylgiskjal I.

9. gr. Iðgjöld

Um iðgjöld til sjúkra- orlofs-, starfsmennta-, lífeyris- og starfsendurhæfingarsjóða, svo og innheimtu félagsgjalda vísast til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

10. gr. Aðbúnaður og öryggi á vinnustað

Atvinnurekandi skal leggja starfsmönnum til vinnufatnað og skófátnað eftir þörfum og eðli vinnunnar.

Um öryggisbúnað, aðbúnað og hollustuhætti er að öðru leyti vísað til 7. kafla aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerða og reglna sem af þeim leiða.

11. gr. Ráðningarsamningur

Gera

skal skriflega ráðningarsamninga við alla starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt samningi þessum, innan mánaðar frá ráðningu, enda standi ráðning þeirra lengur en einn mánuð. Breytingar á ráðningarkjörum skal staðfesta með sama hætti.

Í ráðningarsamningi skal koma fram ef sérstaklega er samið um vinnutíma, sbr. 2. gr. Þannig skal í ráðningarsamningi tilgreint og útfært sérstaklega ef um hlutavinnu er að ræða eða ef skipulag búreksturs krefst þess að samið sé um rofinn vinnutíma. Orlofs- og desemberuppbót skal greidd í samræmi við starfshlutfall starfsmanns. Sé samið um rofinn vinnutíma skerðir það ekki rétt til orlofs- og desemberuppbótar.

Um innihald ráðningarsamninga vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 7. mars 2024.

12. gr. Um w

Verði ágreiningur um mál, sem rísa af samningi þessum, skal honum vísað til lausnar hjá Bændasamtökum Íslands og Starfsgreinasambands Íslands.

13. gr. Gildistími og samningsforsendur

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um samningsforsendur, kaupþaxtauka, framleiðniauka og viðbrögð við forsendubresti fer skv. almennum kjarasamningum aðildarfélaga SGS og SA frá mars 2024. Verði almennum kjarasamningum sagt upp skal uppsögn einnig ná til þessa samnings.

Reykjavík 23. maí 2024

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

F.h. Bændasamtaka Íslands

Fylgiskjal I

Aðilar framangreinds samnings eru sammála um að hámarksgreiðsla fyrir fæði og húsnæði skuli á samningstímabilinu vera sem hér segir:

Fjárhæðir þessar skiptast þannig:

Fæði: 63%

Húsnæði: 37%

1. febrúar 2024 - 31. desember 2024

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.869	1.098	2.967
16-17 ára	1.414	830	2.244
15 ára	1.200	705	1.905
14 ára	1.130	664	1.793

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

	kr./dag
Eitt barn	Fæði og húsnæði 1.010
Tvö börn	Fæði og húsnæði 1.657
Þrjú börn	Fæði og húsnæði 2.284

1. janúar 2025 - 31. desember 2025

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.935	1.136	3.071
16-17 ára	1.463	859	2.323
15 ára	1.242	730	1.972
14 ára	1.169	687	1.856

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

	kr./dag
Eitt barn	Fæði og húsnæði 1.046
Tvö börn	Fæði og húsnæði 1.715
Þrjú börn	Fæði og húsnæði 2.364

1. janúar 2026 - 31. desember 2026

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	2.003	1.176	3.179
16-17 ára	1.515	889	2.404
15 ára	1.286	755	2.041
14 ára	1.210	711	1.921

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
Eitt barn	Fæði og húsnæði	1.082
Tvö börn	Fæði og húsnæði	1.775
Þrjú börn	Fæði og húsnæði	2.446

1. janúar 2027 - 31. janúar 2028

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	2.073	1.217	3.290
16-17 ára	1.568	921	2.488
15 ára	1.331	782	2.112
14 ára	1.253	736	1.988

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
Eitt barn	Fæði og húsnæði	1.120
Tvö börn	Fæði og húsnæði	1.837
Þrjú börn	Fæði og húsnæði	2.532

Launaflokkur 10**1. feb. 2024 - 31. des 2024**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	441.026	445.436	452.118	461.160
Dagvinnulaun	2.544,43	2.569,87	2.608,42	2.660,59
Yfirvinnulaun	4.580,05	4.625,85	4.695,24	4.789,15
Stórhátíðarkaup	6.064,11	6.124,75	6.216,62	6.340,95

1. jan. 2025 - 31. des 2025

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	465.614	470.271	477.325	486.871
Dagvinnulaun	2.686,29	2.713,15	2.753,85	2.808,93
Yfirvinnulaun	4.835,41	4.883,76	4.957,02	5.056,16
Stórhátíðarkaup	6.402,20	6.466,22	6.563,21	6.694,48

1. jan. 2026 - 31. des 2026

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	490.203	495.105	502.532	512.582
Dagvinnulaun	2.828,15	2.856,43	2.899,28	2.957,26
Yfirvinnulaun	5.090,76	5.141,67	5.218,79	5.323,17
Stórhátíðarkaup	6.740,29	6.807,69	6.909,81	7.048,01

1. jan. 2027 - 31. jan 2028

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	514.792	519.940	527.739	538.293
Dagvinnulaun	2.970,01	2.999,71	3.044,70	3.105,60
Yfirvinnulaun	5.346,11	5.399,57	5.480,57	5.590,18
Stórhátíðarkaup	7.078,38	7.149,17	7.256,41	7.401,53

Launaflokkur 11 viðurkennt nám að lágmarki 40 klst./60 kest. (5 einingar)**1. feb. 2024 - 31. des 2024**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	443.584	448.020	454.740	463.835
Dagvinnulaun	2.559,19	2.584,78	2.623,55	2.676,02
Yfirvinnulaun	4.606,62	4.652,68	4.722,47	4.816,92

1. jan. 2025 - 31. des 2025

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	468.315	472.998	480.093	489.695
Dagvinnulaun	2.701,87	2.728,89	2.769,82	2.825,22
Yfirvinnulaun	4.863,45	4.912,09	4.985,77	5.085,48

1. jan. 2026 - 31. des 2026

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	493.046	497.977	505.446	515.555
Dagvinnulaun	2.844,55	2.873,00	2.916,09	2.974,41
Yfirvinnulaun	5.120,29	5.171,49	5.249,06	5.354,04

1. jan. 2027 - 31. jan 2028

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	517.777	522.955	530.800	541.416
Dagvinnulaun	2.987,23	3.017,11	3.062,36	3.123,61
Yfirvinnulaun	5.377,12	5.430,89	5.512,35	5.622,60

Launaflokkur 12 viðurkennt nám að lágmarki 80 klst./120 kest. (10 einingar)**1. feb. 2024 - 31. des 2024**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	446.157	450.618	457.377	466.525
Dagvinnulaun	2.574,03	2.599,77	2.638,77	2.691,54
Yfirvinnulaun	4.633,34	4.679,67	4.749,87	4.844,86

1. jan. 2025 - 31. des 2025

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	471.031	475.742	482.878	492.535
Dagvinnulaun	2.717,54	2.744,72	2.785,89	2.841,60
Yfirvinnulaun	4.891,66	4.940,58	5.014,68	5.114,98

1. jan. 2026 - 31. des 2026

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	495.906	500.865	508.378	518.545
Dagvinnulaun	2.861,05	2.889,66	2.933,01	2.991,67
Yfirvinnulaun	5.149,98	5.201,48	5.279,50	5.385,09

1. jan. 2027 - 31. jan 2028

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	520.781	525.988	533.878	544.556
Dagvinnulaun	3.004,56	3.034,61	3.080,13	3.141,73
Yfirvinnulaun	5.408,31	5.462,39	5.544,32	5.655,21

Launaflokkur 17 viðurkennt nám á framhaldsskólastigi í búfræði, fiskeldi eða tamningum:**1. feb. 2024 - 31. des 2024**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	459.246	463.839	470.796	480.212
Dagvinnulaun	2.649,55	2.676,04	2.716,18	2.770,51
Yfirvinnulaun	4.769,27	4.816,96	4.889,22	4.987,00

1. jan. 2025 - 31. des 2025

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	484.851	489.699	497.045	506.985
Dagvinnulaun	2.797,27	2.825,24	2.867,62	2.924,97
Yfirvinnulaun	5.035,17	5.085,52	5.161,81	5.265,04

1. jan. 2026 - 31. des 2026

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	510.455	515.560	523.293	533.759
Dagvinnulaun	2.944,99	2.974,44	3.019,06	3.079,44
Yfirvinnulaun	5.301,07	5.354,09	5.434,40	5.543,08

1. jan. 2027 - 31. jan 2028

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	536.059	541.420	549.541	560.532
Dagvinnulaun	3.092,71	3.123,64	3.170,49	3.233,90
Yfirvinnulaun	5.566,98	5.622,65	5.706,99	5.821,13

Bókun [2024]

Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum geti farið fram viðræður um gildissvið og framtíð samningsins hvað varðar landeldi.

